

200. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 1. júní 2017, kl. 15:15 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Práinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún M. Stefánsdóttir, Bryndís Á. Böðvarsdóttir og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Forsvarsmenn verkefnisins „Svarsins“ komu sem gestir á fund sveitarstjórnar.

Halldór Pálsson og Gunnar Skaptason mættu á fund sveitarstjórnar undir þessum dagskrárlið. Einnig mætt Ásborg Arnþórsdóttir á fundinn undir þessum dagskrárlið. Halldór og Gunnar kynntu verkefnið „Svarið“ sem lýtur að uppsetningu salerna á fjölförnum ferðamannaleiðum og hvernig rekstri og umsjón þeirra getur verið háttað. Sveitarstjórn tekur vel í þeirra hugmyndir og hvetur þá að halda áfram með verkefnið.

2. Elfa Birkisdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, kom á fund sveitarstjórnar.

Elfa Birkisdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni mætti á fund sveitarstjórnar undir þessum dagskrárlið. Elfa fór yfir starfsemi Bláskógaskóla á Laugarvatni og ræddi áskoranir og tækifæri skólans á komandi misserum.

3. Fundargerðir til staðfestingar:

3.1. 183. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.
Fundargerð samþykkt samhljóða.

3.2. 133. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 12. apríl 2017 – 17-52 og frá 26. apríl 2017 – 17-53.

Mál nr. 9; Skálholt lnr. 167166: Deiliskipulag – 1705001.

Lögð fram endurskoðuð skipulags- og matslýsing vegna deiliskipulags fyrir Skálholt. Árið 2013 fór af stað vinna við gerð deiliskipulags fyrir Skálholtsstað og var þá lýsing m.a. kynnt með auglýsingu sem birtist 17. október það ár auk þess sem leitað var umsagnar Skipulagsstofnunar og fleiri aðila. Deiliskipulagsvinnan hélt þó ekki áfram og fór málið í bið fljótlega á eftir. Nú hefur verið ákveðið að fara af stað að nýju með að endurskoða deiliskipulag fyrir Skálholtsstað og er endurskoðuð lýsing fyrsta skrefið í þeirri vinnu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við lýsinguna og samþykkir að hún verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga, með fyrirvara um minniháttar lagfæringar í samráði við skipulagsfulltrúa.

Mál nr. 10; Helgastaðir 1 lnr. 167105: Afmörkun og breytt stærð lóðar – 1705013.

Lögð fram umsókn Kristínar Jónsdóttur dags. 4. maí 2017 um staðfestingu á afmörkun jarðarinnar Helgastaðir 1 lnr. 167105 og breytingu á stærð til samræmis við meðfylgjandi lóðablað. Fram kemur að jörðin sé 120,6 ha.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar með fyrirvara um samþykki eigenda aðliggjandi landa á hnitsetningu landamarka og lagfæringar á gögnum í samráði við skipulagsfulltrúa. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 11; Efri-Reykir lóð: Tilkynningarskyld framkvæmd: Sumarhús – viðbygging – 1704053.

Lögð fram umsókn Ingimundar Péturssonar eiganda frístundahúsalóðar úr landi Efri-Reykja við Fullsæl (Inr. 167298) um 27,3 fm stækkun á núverandi húsi. Verður húsið 67,3 fm eftir stækkun.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stækkun hússins og er ekki talin þörf á grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 12; Stekkatún 1 Inr. 222637: Breytt notkun hlöðu: Fyrirspurn – 1704061.

Lögð fram fyrirspurn eigenda lóðarinnar Stekkatún 1 Inr. 222637 dags. 25. apríl 2017 um hvort að heimilt sé að breyta núverandi hlöðu sem er á lóðinni í frístundahús. Húsið (fjarhús/hlaða) er 256,7 fm að stærð og lóðin er 4,3 ha. Nýlega var veitt byggingarleyfi fyrir 115 fm frístundahúsi á lóðinni.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir ekki að breyta hlöðunni í frístundahús, með vísun í gildandi deiliskipulag. Húsið er utan byggingarreitar og alveg utan í aðkomuvegi að öðrum lóðum.

Mál nr. 14; Bergsstaðir lóðir 1-4: Aukið byggingarmagn: Deiliskipulagsbreyting - 1704062.

Lögð fram umsókn Guðmundar Grímssonar dags. 27. apríl 2017 um breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða úr landi Bergstaða þannig að heimilt verði að byggja allt að 100 fm skemmu og 18 fm geymslu á 12.500 fm lóð með Inr. 200940. Hefur þegar verið byggt 153 fm hús á lóðinni.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir ekki að skipulaginu verði breytt þannig að byggja með 100 fm geymslu á þessari lóð, þar sem almennt er miðað við að aukahús á frístundahúsalóðum séu ekki stærri en 40 fm.

Mál nr. 15; Vað 1, 2, 3 og 4: Brú: Sameining lóða og breytt notkun:

Aðalskipulagsbreyting – 1608072.

Lagt fram bréf Sveinbjargar Gunnarsdóttur og Heiðars Breiðfjörð dags. 25. apríl 2017 þar sem óskað er eftir skriflegum skýringum á höfnun á áður innsendri beiðni um breytingu á skipulagi sem nær til lóðanna Vað 1,2,3 og 4 úr frístundabyggð í lögbylí. Er m.a. vísað til fjögurra fordæma þar sem aðalskipulagi hafi verið breytt í sama tilgangi, þ.a. eitt í Bláskógabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir ekki að svæðinu verði breytt í lögbylí.

Í greinargerð gildandi aðalskipulags kemur eftirfarandi fram í kafla um íbúðarsvæði: *Gert er ráð fyrir að allar íbúðarbyggingar sem ekki eru tengdar búrekstri fari fram á skilgreindum íbúðarsvæðum sem einkum eru í Reykholti og Laugarási.*

Sérstaklega þarf að huga að staðsetningu nýrra lögbylíla m.t.t. hvernig þau tengjast vegakerfi og aðliggjandi landnotkun. Aðkomumálin eru sérstaklega mikilvæg þar sem lögbylí fela í sér heimild til fastrar búsetu og þar með ber sveitarfélaginu skylda til að þjónusta íbúa þar með sama hætti og aðra íbúa sveitarfélagsins t.d. með losun sorps, snjómokstur, skólaakstri o.s.frv. Svæðið sem hér er óskað eftir að verði breytt í lögbylí er ekki með sérstaka aðkomu heldur nýtir einkaveg sameiginlega með frístundalóðum sem eru sunnan, austan og norðan megin við landið.

Mál nr. 21; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17-52 – 1704003F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 12. apríl 2017 lagðar fram til kynningar.

Mál nr. 22; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17-53 – 1704006F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 26. apríl 2017 lagðar fram til kynningar.

- 3.3. 134. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 10. maí 2017 – 17-54.

Mál nr. 11; Brattholt lnr. 167065: Spennistöð: Stofnun lóðar – 1705044.
Lögð fram umsókn Brattholts ehf dags. 10.maí 2017 um stofnun 56 fm lóðar fyrir spennistöð í landi Brattholts lnr. 167065.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og byggingu spennistöðvar.

Mál nr. 12; Seljaland 3: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og geymslu – 1704019.
Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir 78,6 fm geymslu og 7,1 fm geymslu á lóðinni Seljaland 3. Málið er lagt fram þar sem ekki eru í gildi skilmálar fyrir hverfið.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemd við umsóknina með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum aðliggjandi lóða skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 124/2010. Ef engar athugasemdir berast er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 20; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 17-54 – 1705001F.
Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 10. maí 2017 lagðar fram til kynningar.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. 44. fundur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.
- 4.2. 21. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings.
- 4.3. 850. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

5. Fyrirkomulag sumarleyfa 2017:

- 5.1. Lokun skrifstofu Bláskógabyggðar vegna sumarleyfa.
Lögð var fram tillaga að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð frá og með 10. júlí n.k., til og með 4. ágúst 2017. Munu starfsmenn skrifstofu taka út sumarfrí sitt eftir því sem kostur er og verkefni gefa tilefni til. Þessi tilhögun hefur verið rædd við alla starfsmenn skrifstofu og eru allir sáttir við þetta fyrirkomulag.
Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.
- 5.2. Sumarleyfi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.
Lögð fram tillaga að sumarfrí sveitarstjórnar verði í júlí og ágúst, en hægt verði þó að boða til fundar ef þurfa þykir. Þetta er sama fyrirkomulag og hefur verið haft á undanförunum árum.
Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

6. Aðalskipulag Bláskógabyggðar.

Lögð fram tillaga að Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Um er að ræða forsenduskýrsla og umhverfismat ásamt skipulagsgreinargerð. Einnig lagðir fram skipulagsuppdrættir af þéttbýlunum þremur, Laugarási, Laugarvatni og Reykholti, byggðinni og afrétti. Jafnframt voru athugasemdir Skipulagsstofnunar lagðar fram og yfirlit yfir hvernig brugðist hefur verið við framkomnum athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar getur ekki fallist á allar athugasemdir sem Skipulagsstofnun hefur sett fram og fyrir liggur rökstuðningur þar að lútandi. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir að senda tillögu að aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 til auglýsingar og jafnframt verða athugasemdir Skipulagsstofnunar auglýstar og skulu liggja frammi með skipulagstillögunni. Skipulagsfulltrúa og ráðgjöfum falið að auglýsa tillöguna samkvæmt 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Samningar til afgreiðslu:

7.1. Samningur um rafstreng og ljósleiðara að Bláfelli.

Lagður fram samningur um háspennulögn að Geldingarfelli og spennistöðvar við Geldingarfell og Illagil, milli RARIK annars vegar og umsækjenda, þ.e. Neyðarlínunnar ohf, Bláskógabyggðar, Straumhvarfs hf og Skálpa ehf hins vegar. Einnig lagður fram samningur milli fyrrgreindra umsækjenda um þátttöku í greiðslu kostnaðar vegna verkefnisins.

Vísað er til afgreiðslu sveitarstjórnar á 187. fundi sínum, dagskrárliður 4.1 þar sem samþykkt var að styrkja verkefnið að upphæð kr. 10 mkr. Gert er ráð fyrir þeirri upphæð í framlögðum samningum.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar staðfestir samhljóða aðkomu sína að verkefninu eins og fram kemur í fyrri bókun og felur oddvita eða sveitarstjóra að undirrita samningana fyrir hönd Bláskógabyggðar.

7.2. Samningur um heilsueflandi samfélag.

Lagður fram samstarfssamningur um heilsueflandi samfélag milli Bláskógabyggðar og Embættis landlæknis. Verkefnið lýtur að því að efla lýðheilsu og lífsgæði íbúa Bláskógabyggðar með markvissum þverfaglegum heilsueflingar aðgerðum. Gert er ráð fyrir að undirritun samstarfssamningsins eigi sér stað föstudaginn 9. júní n.k. þegar forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson kemur í opinbera heimsókn til Bláskógabyggðar. Helga Kjartanssyni, oddvita, er falið að undirrita samstarfssamninginn fyrir hönd Bláskógabyggðar.

8. Kosningar:

8.1. Kosning í byggðaráð Bláskógabyggðar til eins árs.

3 aðalmenn og 3 til vara.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að eftirtaldir aðilar verði kosnir sem aðal- og varamenn byggðaráðs Bláskógabyggðar næsta starfsár:

Aðalmenn: Valgerður Sævarsdóttir, formaður

Helgi Kjartansson, varaformaður

Óttar Bragi Þráinsson

Varamenn: Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún Magnúsdóttir

Eyrún Margrét Stefánsdóttir

8.2. Kosning eins aðalmanns í yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar.

Þar sem Pétur Skarphéðinsson, formaður yfirkjörstjórnar, hefur flutt lögheimili sitt úr Bláskógabyggð þá getur hann ekki lengur setið í yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar. Kjósa þarf aðalmann í yfirkjörstjórn í hans stað. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Guðrún Sveinsdóttir verði kosinn sem aðalmaður í yfirkjörstjórn, en hún hefur verið varamaður. Jafnframt er Hilmar Einarsson skipaður sem formaður yfirkjörstjórnar. Þá þarf einnig að kjósa varamann í yfirkjörstjórn og samþykkir sveitarstjórn samhljóða að kjósa Þórarinn Þorfinnsson sem varamann í stað Guðrúnar Sveinsdóttur.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar þakkar Péttri Skarphéðinssyni fyrir störf sín í nefndinni í þágu sveitarfélagsins.

- 8.3. Kosning eins aðmanns í menningarmálanefnd Bláskógabyggðar. Sigríður Jónsdóttir hefur sagt af sér sem fulltrúi í menningarmálanefnd Bláskógabyggðar. Kjósa þarf nýjan fulltrúa sem aðmann í nefndina. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fresta kosningu nýs fulltrúa í nefndina fram að næsta reglubundna fundi sveitarstjórnar. Varamaður tekur sæti Sigríðar í nefndinni fram að kosningu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar þakkar Sigríði Jónsdóttur fyrir störf sín í nefndinni í þágu sveitarfélagsins.

9. Þingmál og reglugerð til umsagnar:

- 9.1. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingi, dags. 16. maí 2017; frumvarp til laga um landgræðslu (þingmál 406).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um landgræðslu. Um er að ræða umtalsverðar breytingar frá núgildandi lögum sem og breytingar á öðrum lögum. Lögð voru fram drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um umrætt frumvarp. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tekur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig kom fram að umsagnarfrestur hefur verið framlengdur til 23. júní 2017.
Töluverð umræða var um fyrirliggjandi frumvarp og einstaka greinar þess. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að senda inn umsögn í takt við þær athugasemdir sem fram komu í umræðu sveitarstjórnar. Sveitarstjóri mun senda út drög á sveitarstjórnarfulltrúa áður en umsögn verður send til nefndarsviðs Alþingis.
- 9.2. Drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna.
Lögð fram drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna og jafnframt tölvuskeyti þar sem fram kemur sú hugmynd að sveitarfélög sem standa að Héraðsskjalasafni Árnesinga sameinist í eina sameiginlega umsögn, sem starfsmenn safnsins hafa verið að vinna að. Lögð voru fram drög að umsögn frá Héraðsskjalasafni Árnesinga.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela Héraðsskjalasafni Árnesinga að senda inn umsögn um fyrirliggjandi drög að reglugerð, fyrir hönd Bláskógabyggðar.
- 9.3. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 26. maí 2017; frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (þingmál 289).
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við umrætt frumvarp að svo komnu máli.

10. Hringtorgin í Reykholti, nafngjöf.

Umræða varð um nauðsyn þess að hringtorgum í Reykholti verði gefið nafn og þau merkt. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að auglýsa eftir hugmyndum að nöfnum og að byggðaráði falið að velja nöfn á hringtorgin á júlifundi sínum eftir lokafrest á innsendingu tillagna.

11. Afgreiðslur skipulags- og byggingarfulltrúa; umsagnir um rekstrarleyfi:

11.1. Torfastaðakot 5.

Lögð fram umsögn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. um umsókn um rekstarleyfi gististaðar í flokki II, frístundahús að Torfastaðaheiði 5, þar sem umsókninni er hafnað.

Skv. ákvæðum laga nr. 85/2007 m.s.br. og reglugerð nr. 1277/2016 sama efnis, þá þarf viðkomandi húsnæði að vera skráð sem atvinnuhúsnæði. Þar sem umrædd húseign er á skipulögðu frístundahúsasvæði þá samræmist þessi starfsemi í flokki II ekki gildandi skipulagi. Vegna þessara annmarka getur sveitarstjórn Bláskógabyggðar ekki fallist á að umrætt leyfi verði veitt.

11.2. Snorrastaðir lóð 168053.

Lögð fram umsögn Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs um umsókn um rekstarleyfi í flokki II að Snorrastöðum lóð 168053, þar sem ekki er gerðar athugasemdir við nýtt rekstarleyfi vegna gistingar í flokki II. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

11.3. Samþykkt um verklag vegna umsókna um rekstrarleyfi frá Sýslumanninum á Suðurlandi.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra eða sviðsstjóra stjórnssýslusviðs að óska eftir umsögn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita um beiðnir um rekstrarleyfi til reksturs veitinga- eða gististaða, áður en slík erindi verða lögð fram til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggur áherslu á að afstaða embættisins skuli liggja fyrir og lögð fram með slíkum erindum frá Sýslumanninum á Suðurlandi.

12. Tillögur ungmennaráðs Bláskógabyggðar til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

Lagðar fram tillögur ungmennaráðs Bláskógabyggðar til sveitarstjórnar, dagsettar 28. maí 2017. Um er að ræða 4 tillögur sem lúta að áheyrn í ákveðnum nefndum sveitarfélagsins, uppsetningu rampa fyrir hjól og /eða hjólabretti, almenningssamgöngum og ungmennaping fyrir ungmenni í Bláskógabyggð. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tekur vel í þessar tillögur og felur sveitarstjóra og oddvita að vinna að framgangi þessara tillagna og vera í sambandi við ungmennaráðið við úrvinnslu þeirra.

13. Ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Bláskógabyggð samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnassýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að 44.000.000 kr. til 7 ára, í samræmi við skilmála láns til ársins 2024 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnassýslu. Bláskógabyggð veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýrri slökkvibífi sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Bláskógabyggð skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnassýslu til að breyta ekki ákvæði samþykktu Brunavarna Árnassýslu sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Bláskógabyggð selji eignarhlut í Brunavörnum Árnessýslu. til annarra opinberra aðila, skuldbindur Bláskógabyggð sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Valtý Valtýssyni, kt. 221060-2379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Bláskógabyggðar veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánsamninginn.

14. Innsend bréf og erindi:

14.1. Bréf RARIK dags. 23. maí 2017; 33 kV háspennustrengslögn, frá Reykholti að Brúarvirkjun.

Lagt fram bréf RARIK þar sem óskað er eftir því við Bláskógabyggð að tekin verði afstaða til lagnaleiðar á 33 kV háspennustrengslögn frá Reykholti að Brúarvirkjun. Meðfylgjandi eru uppdrættir sem sýna fyrirhugaða lagnaleið. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að óska eftir umsögn og afstöðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita um fyrirbyggjandi beiðni um lagnaleið. Afgreiðslu erindisins frestað þar til umbeðin umsögn liggur fyrir.

14.2. Bréf UMFL dags. 26. maí 2017; styrkur vegna 17. júní hátíðarhalda og styrk vegna húsnæðisleigu fyrir þorablót 2017.

Lagt fram bréf Ungmennafélags Laugdæla þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna 17. júní hátíðarhalda á Laugarvatni og vegna leigu á húsnæði fyrir þorablót. Gert er ráð fyrir fjárstyrk til 17. júní hátíðarhalda á Laugarvatni í fjárhagsáætlun 2017. Varðandi styrk á móti húsaleigu íþróttahússins á Laugarvatni vegna þorablóts 10 – 12. febrúar 2017 að upphæð kr. 185 þús. kr. þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að hafna beiðninni, enda falli slíkur styrkur ekki að gildandi samningi milli Bláskógabyggðar og UMFL, sjá. greinar nr. 4 og 15 samningsins.

14.3. Tölvuskeyti Ólafs Gunnarssonar, formanns Ægis 3, dags. 29. maí 2017; Íslandsmót í þríþraut þann 18. júní á Laugarvatni.

Lagt fram tölvuskeyti Ólafs Gunnarssonar þar sem óskað er eftir því við sveitarstjórn Bláskógabyggðar að heimila að Íslandsmót í þríþraut að Laugarvatni þann 18. júní n.k. líkt og undanfarin ár. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við að umrætt íþróttamót verði haldið á Laugarvatni, enda sæki umsækjendur um tilskilin leyfi og upplýsi aðila s.s. lögregluna um atburðinn.

14.4. Bréf Þorsteins E. Gíslasonar, dags. 28. maí 2017; styrkbeiðni.

Lagt fram bréf Þorsteins E. Gíslasonar þar sem óskað er eftir fjárstyrk til þátttöku í árlegu Ólympíuleika í eðlisfræði sem fer fram í Yogyakarta á Indónesíu 16. – 24. júlí 2017.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að veita Þorsteini E. Gíslasyni styrk að upphæð kr. 30.000 til þátttöku.

14.5. Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 23. maí 2017; beiðni um umsögn um ástand friðlýstra svæða.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir ábendingum eða athugasemdum sveitarfélagsins við drög að skýrslunni „Rauði listinn“ um friðlýst svæði í hættu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við framlögð drög að skýrslu.

15. Mál til kynningar:

15.1. Tölvuskeyti Varasjóðs húsnæðismála, dags. 29. maí 2017; skýrsla um könnun á leiguíbúðum sveitarfélaga 2016.

15.2. Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags 30. maí 2017; lýðheilsugöngur í sveitarfélögum af tilefni 90 ára afmælis F.Í.

16. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

Fundi slitið kl. 19:20.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún M. Stefánsdóttir

Bryndís Á. Böðvarsdóttir

Valtýr Valtýsson